
Starfsáætlun 2023-2024

Félagsmiðstöðin Igló

Sigurður Pálmarsson
sigurdurp@kopavogur.is

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026



Starfsáætlun – Félagsmiðstöðin Iglo

Hagnýtar upplýsingar

Igló er opin fyrir nemendur í 8. – 10. bekk alla virka daga og fyrir 5. – 7. Bekk 1-2 í mánuði.

Félagsmiðstöðin er staðsett í húsnæði Snælandsskóla v. Víðigrund. Opnunartímar eru: Mánudaga og miðvikudaga kl. 12:30-22:00, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 12:30-16:00 og annan hvern föstudag frá 12:30-16:00 og 20:00-23:00.

Sími í Iglo er 441 4230 / 696 1621 og netfang er sigurdurp@kopavogur.is

Félagsmiðstöðvadaatal

Sameiginlegt viðburðadagatal félagsmiðstöðvanna er tilbúið á vorönn hvers árs af forstöðumönnum og deildarstjóra. Tekið er mið af tillögum félagsmiðstöðvaráða og hlutastarfsfólks við gerð dagatalsins.

JULÍ '24		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 M		1 F	Ösk	1 S		1 M	Norðs Youth Month / Snælandsskóla	1 F		1 M	Nýsköpur	1 F		1 F	Ösk - Skólaárið Félis	1 M	Mennt / Plánum	1 M	Mennt / Plánum	1 L	
2 Þ		2 L		2 M	Forvarnir - allir fél	2 F		2 L		2 Þ	Litastöð / Plánum	2 F	Nýsköpur / Plánum	2 L	Skólaárið Félis	2 Þ	Forstöðumenn / Plánum	2 F		2 S	
3 M		3 S		3 Þ	Forstöðumenn / Plánum	3 F		3 S		3 M		3 L		3 S	Skólaárið Félis	3 M	Skólaárið Félis	3 Þ	Forstöðumenn / Plánum	3 M	Skólaárið Félis
4 F		4 M		4 M	Forvarnir - Plánum	4 L		4 M		4 F		4 S		4 M	Skólaárið Félis	4 F		4 L	Skólaárið Félis	4 Þ	
5 F		5 Þ	Forstöðumenn / Plánum	5 F		5 S		5 Þ	Forstöðumenn / Plánum	5 F	Skólaárið Félis / Plánum	5 M		5 Þ	Forstöðumenn / Plánum	5 F		5 S		5 M	
6 L		6 M		6 F	Auka festidagur opnun - Landmót Samræða	6 M	Skólaárið Félis	6 M		6 L	Skólaárið Félis	6 Þ	Forstöðumenn / Plánum	6 M		6 L		6 M		6 F	
7 S		7 F		7 L	Landmót Samræða	7 Þ	Forstöðumenn / Plánum	7 F		7 S		7 M	Skólaárið Félis	7 F		7 S		7 Þ	Forstöðumenn / Plánum	7 F	
8 M		8 F		8 S	Landmót Samræða	8 M	Skólaárið Félis	8 Þ	Forstöðumenn / Plánum	8 M	Skólaárið Félis	8 F		8 M		8 M		8 L		8 S	
9 Þ		9 L		9 M	Skólaárið Félis	9 F		9 L		9 Þ	Forstöðumenn / Plánum	9 F		9 L		9 Þ	Forstöðumenn / Plánum	9 F	Skólaárið Félis	9 S	
10 M		10 S		10 Þ	Landmót Samræða	10 F	Forstöðumenn / Plánum	10 S		10 M		10 L	Skólaárið Félis	10 M		10 M		10 Þ	Forstöðumenn / Plánum	10 M	
11 F		11 M		11 M	Skólaárið Félis	11 L		11 M		11 F		11 S		11 M		11 F		11 L		11 Þ	
12 F		12 Þ		12 F		12 S		12 Þ	Forstöðumenn / Plánum	12 F		12 M	Skólaárið Félis	12 Þ	Forstöðumenn / Plánum	12 F		12 S		12 M	
13 L		13 M		13 F	Ösk	13 M		13 L		13 S		13 Þ	Skólaárið Félis	13 M		13 L		13 M		13 F	
14 S		14 F	Skólaárið Félis	14 L	Forstöðumenn / Plánum	14 Þ		14 S		14 M		14 F	Skólaárið Félis	14 M		14 S		14 Þ	Forstöðumenn / Plánum	14 F	
15 M		15 F	Skólaárið Félis / Ösk	15 S		15 M	Skólaárið Félis - Plánum	15 F		15 M		15 F		15 F	Skólaárið Félis og Ösk / Ösk	15 M		15 M		15 L	
16 Þ		16 L		16 M	Forstöðumenn / Plánum	16 F		16 L		16 S	Forstöðumenn / Plánum	16 F	Skólaárið Félis / Ösk	16 L	Skólaárið Félis og Ösk	16 M		16 Þ	Forstöðumenn / Plánum	16 F	
17 M		17 S		17 Þ	Forstöðumenn / Plánum	17 F		17 M		17 L	Skólaárið Félis	17 S		17 M		17 L		17 F		17 M	Skólaárið Félis
18 F		18 M		18 M	Skólaárið Félis	18 L		18 M		18 F		18 S	Skólaárið Félis	18 M		18 F	Skólaárið Félis	18 L		18 Þ	
19 F		19 Þ	Forstöðumenn / Plánum	19 F		19 S		19 M	Skólaárið Félis / Plánum	19 F	Skólaárið Félis og Ösk / Ösk	19 M	Skólaárið Félis	19 Þ	Forstöðumenn / Plánum	19 F	Skólaárið Félis	19 S	Skólaárið Félis	19 M	
AUGUST '24		20 M		20 F		20 M	Skólaárið Félis	20 L	Skólaárið Félis	20 S	Skólaárið Félis	20 F	Skólaárið Félis	20 M		20 L		20 M	Skólaárið Félis	20 F	
21 M	Skólaárið Félis - heiti	21 F		21 L		21 M	Skólaárið Félis	21 F		21 S		21 M		21 F		21 S		21 Þ	Skólaárið Félis	21 F	
22 Þ		22 S		22 Þ		22 M		22 F	Ösk	22 M		22 L		22 F		22 M		22 M		22 L	
23 M	Skólaárið Félis	23 L		23 M	Skólaárið Félis	23 F		23 L	Skólaárið Félis	23 Þ	Forstöðumenn / Plánum	23 F		23 L		23 Þ	Forstöðumenn / Plánum	23 F		23 S	
24 F		24 M		24 F	Skólaárið Félis	24 L	Norðs Youth Summit / Plánum	24 S	Skólaárið Félis	24 M		24 L		24 S	Skólaárið Félis	24 M		24 F	Skólaárið Félis	24 M	
25 F	Skólaárið Félis	25 M		25 M	Skólaárið Félis	25 L		25 M	Skólaárið Félis	25 F		25 S		25 M		25 F	Skólaárið Félis	25 L		25 Þ	
26 L		26 Þ	Forstöðumenn / Plánum	26 F		26 S		26 M	Skólaárið Félis	26 F		26 S		26 M		26 F	Skólaárið Félis	26 L		26 M	Skólaárið Félis
27 S		27 F	Skólaárið Félis	27 L	Skólaárið Félis	27 Þ	Skólaárið Félis og Ösk / Ösk	27 M		27 L		27 Þ	Skólaárið Félis	27 M		27 L		27 M		27 F	
28 M	Skólaárið Félis	28 F		28 M	Skólaárið Félis	28 L		28 M		28 F		28 S		28 M		28 F	Skólaárið Félis	28 L		28 M	
29 Þ	Forstöðumenn / Plánum	29 F	Skólaárið Félis - Skólaárið Félis	29 S		29 M		29 F		29 L	Skólaárið Félis	29 S		29 M		29 F	Skólaárið Félis	29 L		29 M	
30 M		30 L		30 M		30 F		30 L		30 S	Skólaárið Félis	30 F		30 M		30 L		30 M		30 F	
31 F				31 Þ	Forstöðumenn / Plánum			31 S	Skólaárið Félis	31 M	Skólaárið Félis			31 S	Skólaárið Félis			31 F	Skólaárið Félis		

Starfið í vetur

Í starfinu er lögð áhersla á jafnrétti, sjálfstæði, fjölbreytileika og fordómaleysi. Reynt er að sníða dagskrá þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Ýmiskonar hópefli og klúbbastarf er í boði á kvöldopnunum. Einstaklingar sem t.a.m standa höllum fæti félagslega eru hvattir til að mæta í félagsmiðstöðina af starfsfólki. Áhersla er lögð á að umhverfi Iglo sé öruggt fyrir öll þau sem mæta. Miðstigsstarf fer fram á fyrri hluta kvöldopnunar og er skipulagt í samráði við nemendaráð Iglo. Félagsmiðstöðin á í samskiptum við skólann og starfsfólk hans varðandi ýmis mál, s.s. viðburði eða einstaka mál nemenda. Reglulegt samstarf við sérdeild skólans varðandi einstaka nemendur. Skólinn fær afnot af húsnæði félagsmiðstöðvarinnar fyrir m.a. hljóðfæranám og valgreinar. Reglulegir fundir bæði með námsráðgjafa og skólastjórnendum. Ritari skólans aðstoðar einnig félagsmiðstöðina t.d. við samskipti við forráðamenn nemenda þegar senda þarf í gegnum Mentor.

Viðburðir í vetur

Hjá Igló er skipulögð dagskrá á hverri kvöldopnun t.d. ferðir, hópefli, mót, ofl. Klúbbastarf er flest allt á fyrri kvöldopnunum kl. 17:00-18:30 en einnig dagopnunum ef þannig ber undir. Félagsmiðstöðvarnar sjá unglingum fyrir fræðslu á forvarnaviku í október. Eins byggist starfið mikið á óformlegri fræðslu frá starfsfólki Igló. Igló skipuleggur m.a. árshátíð ásamt nemendaráði í samvinnu við skólann. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva eru m.a. böll, stuttmyndahátíð, Getkó, íþróttaleikar, rafíþróttamót, sköpunardagur, söngkeppni, skíðaferð og félagsmiðstöðvahátíð.

Hópastarf

Hópastarf í fer oftast fram á fyrri kvöldopnun. Miðað er að safna hópi saman utan um ákveðin áhugamál. Í því starfi skipuleggja unglingarnir sjálf hvað gert er hverju sinni. Hópastarfið er opið öllum áhugasömum. Ef um sértækt hópastarf er að ræða er reynt að safna í hóp með öðrum leiðum, t.a.m með samstarfi við starfsfólk skólans. Farið er eftir gátlista félagsmiðstöðva er varðar sértækt hópastarf. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmið eru höfð að leiðarljósi í starfinu. Markmiðin eru sýnileg í félagsmiðstöðinni og hægt að tengja þau hópastarfi.

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Í sumarstarfi félagsmiðstöðvarinnar eru góð tækifæri til frekara hópastarfs í samstarfi með Vinnuskóla Kópavogs. Þar er möguleiki á að efla unglinga sem annars myndu t.d. vera heima eða sæktu félagsmiðstöð í litlum mæli. Fyrir utan hefðbundnari dagskrá kvöldopnana geta unglingar einnig tekið þátt í hópastarfi á daginn og fengið greitt fyrir. Undanfarin sumur hefur hópurinn unnið að ýmis konar listsköpun en áhersla sumarstarfsins getur breyst frá ári til árs.

Félkó miðstöðin

Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. Félkó miðstöðin býður upp á margskonar aðstöðu sem hentar bæði hópum og einstaklingum að koma í með starfsfólki félagsmiðstöðvanna. Hinsegin félagsmiðstöðin er til dæmis með fasta viðveru í Félkó-miðstöðinni sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Unnið er að koma á Velkomin opnanir, þar sem tekið er sérstaklega á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku. Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í **Velkomin** fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi. Í Félkó miðstöðinni má m.a. finna rafíþróttaver, listasmiðju þar sem má finna saumavélar, þrívíddaprentara, þrjóna- og föndurvörur, og annað efni til listsköpunar. Í sama rými er einnig aðgengilegt borð- og hlutverkspila búnaður. Félagsmiðstöðvarnar og aðrar stofnanir frístundadeildar geta allar skráð sig í viðeigandi aðstöðu. Frá og með áramótum þegar Félkó-miðstöðin fór af stað hefur þetta gengið vonum framar, en unglingar úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs hafa komið og nýtt sér aðstöðuna sem og hefur aðstaðan sömuleiðis nýst Höfuð-Borginni sem er með aðstöðu í sama húsnæði og er þjónusta ætluð ungu fólki 16-20 ára með fötlun.

Barna og unglingaráð

Félagsmiðstöðvaráð Igló er opið ráð þar sem öll geta skráð sig. Ráðið hittist a.m.k. einu sinni í viku eftir skóla, skipuleggur saman viðburði félagsmiðstöðvar og ræðir annað sem snertir starf Igló. Fulltrúar Igló sitja einnig í Félkó-ráði félagsmiðstöðvanna og Ungmennaráði Kópavogsbæjar.

Félkóraráð

Í Félkóraráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóraráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir Bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fullrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fullrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kys svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés.

Foreldrasamstarf

Foreldrar eru látnir vita um helstu viðburði í gegnum ritara skólans. Eins er prentvæn dagskrá félagsmiðstöðvarinnar sett á heimasíðu Igló mánaðarlega svo allir séu vel upplýstir. Haft samband við foreldrafélag og fulltrúa foreldraröls.

Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar

- Auka þátttöku einstaklinga og hópa í sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðum í öllum grunnskólum í Kópavogi, með það að markmiði að bæta andlega líðan, félagsfærni, sjálfsöryggi og samhygð.
- Gera mælingar til meta árangur af starfi sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum Kópavogs.
- Efla þátttöku barna og unglinga með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn í skipulögðu frístunda- og íþróttastarfi. Sérstök áhersla er á vinnu með börnum með fötlun, með annað móðurmál en íslensku og börnum sem búa við bágar félagslegar aðstæður.

Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva

- Neyðaráætlun
Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.
- Öryggisgátlisti
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
Gátlistar unnir af starfsfólki félagsmiðstöðva og aðgengilegir á sameign.
- Handbók um starfið
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla). Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla og er með úthlutað hlutverk í þeim.

Ytra og innra mat

Ytra mat framkvæmd

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða félagsmiðstöð fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglinga sem félagsmiðstöðina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Innra starfið er metið út frá eftirfarandi þáttum

Lagðar eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10.bekk sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglinga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi. Niðurstöður frá Rannsókn og greining um hagir og líðan ungs fólks í Kópavogi gefa út skólaskýrslur fyrir hvern skóla. Stjórnendur eru hvattir til að rýna skýrsluna í samvinnu við skóla til að koma betur á auga á þætti sem þarf að styrkja í sínu skólahverfi. Mætingatölur eru teknar saman fyrir hvern mánuð, og samtal við börnin um félagsmiðstöðvastarfið í gegnum unglingaráð eða félagsmiðstöðvavaláfanga.

Símenntun

Starfsmannafræðslur reglulega sem allt starfsfólk félagsmiðstöðva sækir. Þessar fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga Samfés og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.


Símenntunaráætlun 2023-2024

Dagsetning	Fræðsluerindi	Efni	Staðsetning	Leiðbeinandi
23. ágúst	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva. <u>Böll, útivaktir, sértækt hópastarf, nýir starfsmenn, tilkynning til barnaverndar, frístundadeild</u>	Smáraskóli	Forstöðumenn félagsmiðstöðva
25.ágúst	Velkomin til starfa!	Hópeflis æfingar fyrir starfsmenn og gleði 😊	Gufunesbær	Forstöðumenn félagsmiðstöðva og ST-URTAN
?	Skyndihjálp	Skyndihjálp	Fræðsluvefur Kópavogsbær	Mannauðsdeild Kópavogsbæjar
2. október	Hinsegin fræðsla – Hinsegin vika í tengslum við Forvarnardaginn	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Fönix	Verum góð
6.nóvember	Verkfærakistu-Dagur Spilasmiðja, D&D, brjóstszykursgerð, föndur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Félkó-miðstöðin	Forstöðumenn skipta með sér smiðjum
4.desember	Fræðsla-Farsældarlögin	Fyrir stjórnendur og starfsfólk frístundadeildar	Þeba	Sólveig Norðfjörð, innleiðingarteymi farsældarlaga á menntasviði
8.janúar	Sjálfsvarnarnámskeið	Sjálfsvörn	Íþróttahúsið Digranesi	Jón Viðar Sporthúsið
25.janúar	Stjórnendafræðsla	Árangur í teymisvinnu	Fannborg 2, herbergi Völlur	Ragnheiður Aradóttir
5.febrúar	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Kolbrún jafnréttisfulltrúi Rvk borgar og Samfés
4.mars	Verkfærakistu-dagur	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn

Fjöldatölur 2022-2023

Fjöldatölur félagsmiðstöðvarinnar eru teknar saman í hverjum mánuði og sendar deildarstjóra.

Hér má sjá fjöldatölur frá ágúst 2022 til júlí 2023:



Starfsfólk

Sigurður Pálmarsson - forstöðumaður

Hugi Leifsson Bachmann – frístundaleiðbeinandi

Florencia Bugallo Dukelsky – frístundaleiðbeinandi

Rakel Svavarsdóttir – frístundaleiðbeinandi